

Nú telur viðskiptaráðherra að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði eða ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, og getur hann þá stöðvað slíka fjárfestingu, enda kunngjörri hann ákvörðun sína innan átta vikna frá því að honum berst tilkynning um hlutaðeigandi fjárfestingu, sbr. 7. gr. Áður en slík ákvörðun er tekin skal ráðherra leita álits nefndar um erlenda fjárfestingu. Þegar um er að ræða fjárfestingu aðila frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gætt ákvæða 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Viðskiptaráðherra skal á fyrri hluta hvers árs flytja Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda til að auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, um fjárfestingu erlendra aðila og heildarfjárfestingu eftir atvinnugreinum og um beitingu öryggisákvæðis skv. 2. mgr. og úrræða stjórnvalda skv. 5. gr.

7. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er orðast svo:

Hafi íslenskur lögaðili, sem á eignarhlut í lögaðila sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, verið að hluta í eigu erlends aðila 31. desember 1995 skulu takmarkanir skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga þessara ekki koma til framkvæmda að því er varðar þann lögaðila fyrir en 1. janúar 1998, enda hafi erlend eignaraðild í lögaðilanum ekki verið meiri en 49%, eignarhlutur lögaðilans í einstökum sjávarútvegs- eða fiskvinnslufyrirtækjum ekki farið yfir 10% og fjárfestingin verið tilkynnt Seðlabanka Íslands samkvæmt ákvæðum laganna fyrir 31. desember 1995.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. maí 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er á förum til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytinu, 14. maí 1996.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.